

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur þann 17. maí 2018 samþykkt breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Tröllenda í Flatey skv. 1. mgr. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að heildarbyggingarmagn á lóð A1 verði 142 m² í stað 120 m² auk 20 m² geymsluskúrs, og jafnframt er afmörkun lóðar breytt.

Þakhalla er breytt sem verður á bilinu 5-35°, mænisstefna taki mið af landi og þak má vera klætt torfi þar sem því er viðkomið.

Deiliskipulagið hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Reykhólahrepps, 28. júní 2018,

Bogi Kristinsson Magnusen,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 29. júní 2018